

EFTIRMÁL: HELGI JÓSEFSSON VERKEFNISSTJÓRI FJÖLMENNTAR

Þakklátur að kennslan skyldi ekki slegin af

Um næstu mánaðamót ræðst hvort og þá með hvaða hætti samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpur um menntun geðsjúkra verður fram haldið. Viðræður standa nú yfir milli ráðuneytisins og Fjölmenntar, að sögn Helga Jósefssonar verkefnisstjóra, sem segist vongóður um að þær skili góðum árangri. Verkefnið virtist vera að fara upp í loft í sumar, þar sem ekki lá fyrir öruggt fjármagn til kennslu á haustönn. En með haustinu var sett fjármagn í það sem gerði kleift að halda kennslunni áfram. Faglegur stuðningshópur Fjölmenntar, sem í eiga sæti fulltrúar frá Geðhjálp, geðsviði Landspítala, Kleppi og Grensásdeild hafa ritað menntamálaráðherra bréf, þar sem hvatt var til að málum yrði flýtt.



VERKEFNISSTJÓRINN

Helgi Jósefsson lærir til djákna í HÍ og vonar það besta um framtíð Fjölmenntar.

„Það þarf 22 milljónir króna til að geta rekið fulla kennslu á næsta skólaári,“

sagði Helgi. „Við urðum að vísa frá á haustönninni, því við urðum að skera umfang starfseminnar niður um 40 prósent. En ég er þakklátur fyrir að þetta skyldi ekki vera slegið af, því það er svo erfitt að koma vagninum af stað aftur ef hann stöðvast.“

Í dag verður kynning á samstarfsverkefninu og starfsemi Geðhjálpur fyrir nemendur guðfræðideildar Háskóla Íslands svo og prófessora hennar. Helgi stundar djáknánám við deildina.

„Djárnastarfið hefur nú orðið miklu viðara starfssvið heldur en upphaflega,“ sagði Helgi. „Nú starfa djáknar í skólakerfinu, á meðferðarstofnunum og öldrunarstofnunum, svo dæmi séu nefnd. Þetta starf snertir orðið svo marga fleti og menntunin nýttist svo víða.“